



Efni: Breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, nýjar
deiliskipulagsáætlanir fyrir borteiga í sunnanverðu Kapelluhrauni og breytingar
á deiliskipulagi í Hellnahrauni

Umsögn skipulagsdeildar

12. september 2024/DBV
ONE 24071801 , 24041714 og 24082525



1) Inngangur

Kópavogsbæ bærust þrjár umsagnarbeiðnir frá Hafnarfjarðarkaupstað vegna skipulagsáætlana tengdum áformum Carbfix til að dæla niður CO₂ uppleyst í vatni í jörð.

Um er að ræða:

- Breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 til að koma fyrir 8 borteigum í Hellnahrauni
- Tillögu að nýju deiliskipulagi vegna borteiga í sunnanverðu Kapelluhrauni. Gert er ráð fyrir fjórum lóðum með byggingarreit til niðurdælingar CO₂ í jarðlög, lagnaleiðum fyrir gas- og vatnslagnir og vegslóða að borteigunum. Einnig eru settir fram skipulagsskilmálar sem heimila niðurdælingu CO₂ á fjórum iðnaðarsvæðisreitum í syðri hluta Kapelluhrauns og Selhrauns. Á hverri lóð er heimilt að hafa borteig með öllu því sem til þarf til niðurdælingar CO₂ í jarðlög. Á borteigum verður CO₂ leyst í vatni og dælt niður í berglögin þar sem það steingerist. Á hverjum borteig verða allt að 8 niðurdælingarholur ásamt 2- 4 vatnstökuholum.
- Breyting á deiliskipulagi fyrir Borgahellu 25 og Tunguhellu 15 – 17. Kynningartími er til 12. september.

Á 169. fundi skipulagsráðs þann 3. september var málinu frestað og vísað til umsagnar skipulagsdeildar.

Í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar er hægt að nálgast upplýsingar og fylgiskjöl um málið.


- Aðalskipulagsbreyting: [Skipulagsgáttin \(skipulagsgatt.is\)](https://skipulagsgattin.is)
- Deiliskipulag borteiga í sunnanverðu Kapelluhrauni: [Skipulagsgáttin \(skipulagsgatt.is\)](https://skipulagsgattin.is)
- Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfangi: [Skipulagsgáttin \(skipulagsgatt.is\)](https://skipulagsgattin.is)

Önnur gögn eru sameiginleg umhverfismatsskýrsla áætlana fyrir allar áætlanir Coda Terminal, dagsett 6. júní 2024 fyrir móttöku- og geymslustöð fyrir koldíoxíð í landi Hafnarfjarðar. [Skipulagsgáttin \(skipulagsgatt.is\)](https://skipulagsgattin.is)

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2018 VEGNA BORTEIGA.

Tillagan er sett fram á uppdrætti ásamt greinargerð, dagsett 6. Júní.

Aðalskipulagsbreytingin tekur til Kapelluhrauns að sunnanverðu, út fyrir íþróttasvæði Kvartmíluklúbbsins að skógræktarsvæði til suðurs og að austanverðu markast svæðið að Krýsuvíkurvegi.

Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025
Sveitarfélagsuppráttur - Coda Terminal

DRÖG Í VINNSLU

[illegible]

Adelskapsgjöfing (jóni hefur Hósti) málumælt á sí. 1. mál. 30 g.
skilpálgings nr. 12/1010, með öðrum breytingum. Adelskapsgjöfingun
er samþykkt af vaxningunum þess _____

Adelingspogingstermijn van start tot afsluiting van de poging: _____

Skjalagildi:
Úppfærðir þess.

Greiningar: Coda Terminal, Breyting á Afháttipólsgátt Hafnarfarar 2013-2025
Coda Terminal, Umhverfismatskýrsla áætlana.

Breyting á Afháttipólsgátt Hafnarfarar 2013-2025, nýtt dekkjapólsgátt og dekkjapólsgátt.



EFLA


Model	Model	Model	Model
Model 1	Model 2	Model 3	Model 4

anul de publicare	număr de articole	anul de publicare	număr de articole
2019	12	2020	15

Mallkards:	Dags:	Greitt dags:
1.11.000	19.05.2024	

DEILISKIPULAG BORTEIGA Í SUNNANVERÐU KAPELLUHRAUNI

Deiliskipulagið tekur til 22ha stórs svæðis í syðri hluta Kapelluhrauns og Selhrauns sem merkt er með rauðri brotalínu á uppdrætti. Afmörkunin ræðst af staðsetningum sem valdar hafa verið fyrir borteiga í tengslum við umhverfismat framkvæmdarinnar en einnig legu fornminja, vegslóða, efnistippa og aksturssvæðis. Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu í dag en á austurmörkum er samþykkt deiliskipulag sem ber heitið Svæði akstursíþróttafélags Hafnarfjarðar við Krýsuvíkurveg. Landið er í eigu Ríkissjóðs Íslands en í umsjá Lands og Skógar (áður Skógræktarinnar).



BREYTING Á DEILISKIPULAGI HELLNAHRAUNS 3. ÁFANGI

Skipulagssvæðið stækkar og eru 2 lóðir sameinaðar, Tunguhella 15 og 17 og fær lóðin heitið Tunguhella 15. Skilgreind er ný lóð við Borgarhelli sem heitir nú Borgarhella 25a. Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að setja fram skipulagsskilmála sem heimila niðurdælingu CO2 á tveimur lóðum á iðnaðarsvæði í 3.áfanga Hellnahrauns.



Hellnahnraun 3. áfangi

Deiliskipulagsbreyting fyrir Borgahellu 25 og Tunguhellu 15-17



Mynd 1 Lóðabreytingar fyrir og eftir

UMHVERFISMATSSKÝRSLA ÁÆTLANA

Í samantekt á niðurstöðum umhverfismats kemur fram að áhrif breytingarinnar á grunnvatn eru metin óviss. Gera þurfi grein fyrir áhrifum við veitingu framkvæmdar- og starfsleyfa og að áhrif á grunnvatn verði vöktuð allan rekstrartímann skv. vöktunaráætlun.



4.1 Samantekt á niðurstöðum umhverfismats

UMHVERFISÞÁTTUR	ÁHRIF OG MÓTVÆGISAÐGERÐIR
Landslag og jarðmyndanir	Áhrif á eru metin óveruleg/neikvæð. Svæðið er að stærstum hluta þegar raskað og hefur því mestmegnis tapað varnargildi sínu. Skilmálar verða settir í deiliskipulagi um að mannvirki skulu falla vel að umhverfi sínu.
Gróður og dýralíf	Áhrif eru metin óveruleg. Við valkostargreiningu á staðsetningu borteiga var tekið tillit til útbreiðslu vistkerfa sem búa yfir háu verndargildi til að takmarka rask á þeim. Aðeins lítil hluti birkiskógar mun raskast við uppbyggingu og verður stuðlað að áframhaldandi náttúrulegri útbreiðslu hans.
Grunnvatn	Áhrif eru metin [REDACTED] Gera þarf grein fyrir áhrifum við veitingu framkvæmdar- og starfsleyfa. Áhrif á grunnvatn verða vöktuð allan rekstrartímann skv. vöktunaráætlun.
Loftslag	Áhrif eru metin jákvæð. Verið er að binda kolefni úr andrúmslofti varanlega í bergi. Mikilvægur þáttur í hlutverki Íslands í loftslagsmálum.
Loftgæði	Áhrif á eru metin óveruleg ef farið er eftir viðeigandi lögum og reglugerðum um mengunarvarnir.
Menningarminjar	Áhrif eru metin óveruleg. Gert er grein fyrir fornminjum og helgunarsvæði þeirra á deiliskipulagi.
Öryggi	Áhrif eru metin óveruleg. Ekki er talin aukin skjálftahætta. Skipulagssvæðið verður vaktað af framkvæmdaraðila og farið verður eftir viðbragðsáætlunum almannavarna.
Samfélag	Áhrif eru metin jákvæð. Starfsemi Coda Terminal er atvinnuskapandi og styrkir tekjustofn sveitarfélagsins. Jákvæð áhrif á ímynd Íslands á alþjóðavísu í loftslagsmálum. Skapar tækifæri til að efla ferðamennsku á svæðinu.

4) Niðurstaða umsagnar

Skipulagsdeild gerir ekki athugasemdir við breyttar skipulagsáætlanir en þar sem að í samantekt á niðurstöðum umhverfismats eru áhrif á grunnvatn metin óviss er vert að benda á mikilvægi þess að þeim mótvægisáðgerðum sem lýst er sé fylgt eftir og að áframhaldandi vöktun á grunnvatni sé nauðsynleg til þess að meta betur og skrá núverandi ástand grunnvatnskerfisins fyrir reksturinn til þess að greina hugsanlegar breytingar á kerfinu eftir að fyrstu rekstaráfangar hefjast.